

Fundargerð

40. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 13. desember 2013 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær.

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Nýtt svæðisskipulag, val á sviðsmynd til útfærslu

Hrafnkell Á. Proppé gerði grein fyrir fundum í öllum aðildarsveitarfélögunum:

Fulltrúar Garðabæjar lögðu fram eftirfarandi bókun:

Garðabær fellst ekki á þau mörk byggðar innan marka Garðabæjar sem dregin eru upp í tillögu á sviðsmyndum um þróun byggðar vegna endurskoðunar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Garðabær leggur til að byggð í Garðaholti, Hnoðraholti og Urriðaholti verði innan umræddra marka þar sem að uppbygging á þeim svæðum er hafin, rammaskipulag liggur fyrir og þau liggja öll að stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins. Garðabær liggur nærri miðju byggðar á höfuðborgarsvæðinu og ekki er hægt að fallast á að uppbygging á umræddum svæðum sé úþpensla til jafarsvæða. Garðabær er að mörgu leyti sammála þeim áherslum sem koma fram í leið B en telur að mörk byggðar þurfi að endurskoða.

Fulltrúar Seltjarnarness lögðu fram til kynningar Samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness frá 11. desember 2013 þar sem tekin er afstaða til sviðsmynda nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Ákveðið að fresta endanlegri ákvörðun um val á sviðmynd fram að næsta fundi. Svæðisskipulagsnefnd er sammála um að í nýju svæðisskipulagi verði lögð áhersla á að tengja sveitarfélögin betur saman með samgöngu- og þróunarás. Við endanlegt val á sviðsmynd þarf að skoða betur skilgreiningu á byggðarmörkum.

2. **Tillaga að heildarendurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025.**
Hrafnkell Á. Proppé gerði grein fyrir við tillögu að heildarendurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir umsögn fagráðs að sinni.

3. **Kjör á fulltrúa Seltjarnarness í framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar**
Afgreiðslu frestað fram á næsta fund.

4. **Önnur mál.**

Skipulagsstofnun er að ljúka yfirferð breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna aðalskipulag Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga. Fulltrúar svæðisskipulagsnefndar undirrita breytingartillögur og staðfesta samþykktir sveitastjórnanna.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.